

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1202/2016, um frádrátt frá tekjum erlendra sérfræðinga.

1. gr.

3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hafi starfsmaður hlotið samþykki nefndarinnar og verið viðurkenndur sem sérfræðingur er honum heimilt að skipta um starf innan þess þriggja ára tímabils sem frádráttarheimild hefði að óbreyttu tekið til, sbr. upphafsmálslið 1. mgr. 6. tölul. A-liðar 30. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, enda hafi hann endurnýjað umsókn sína og hafið störf innan þriggja mánaða frá lokum fyrra starfs. Starf telst hafið að nýju þegar skipt er um starf frá einum lögaðila til annars, sem starfar undir sjálfstæðri kennitölu, þrátt fyrir að um sé að ræða t.d. félög í eigu upphaflegs eða fyrri vinnuveitanda, sbr. a-lið 3. mgr. 2. gr. Umsókn sem berst að liðnum þremur mánuðum frá upphafi nýs starfs verður hafnað og jafnframt fellur frádráttur niður við lok fyrra starfstímabils. Endurnýjuð umsókn gildir að óbreyttum starfstíma til upphaflegs þriggja ára tímabils. Ákvæði reglugerðar þessarar taka að öðru leyti til endurnýjunar á umsókn að frátöldum a-lið 2. mgr. 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 16. ágúst 2024.

F. h. r.

Helga Jónsdóttir.*Ingibjörg Helga Helgadóttir.***Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.